

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	28.4.2015
Málalýkill	0044
Mál nr.	1412332



Til framkvæmdastjóra sveitarfélaga

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@irr.is
innanrikisraduneyti.is

Reykjavík 22. apríl 2015
Tilv.: IRR15040181/

Efni: Skil á ársreikningi 2014

Samkvæmt 3. mgr. 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 skal sveitarstjórn hafa lokið staðfestingu ársreiknings sveitarfélags eigi síðar en 15. maí ár hvert. Jafnframt segir í 2. mgr. 76. gr. laganna að ársreikning sveitarfélags, ásamt skýrslu endurskoðenda, skuli senda ráðuneytinu og Hagstofu Íslands ekki síðar en 20. maí.


Í d. lið 1. gr. reglugerðar 395/2011 um breytingu á reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga nr. 944 frá 19. desember 2000 með síðari breytingum kemur fram að sveitarfélög skulu skila inn ársreikningum með rafrænum hætti í miðlægan gagnagrunn hjá Hagstofu Íslands á forni sem Hagstofan ákveður.

Á grundvelli samkomulags innanríkisráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Hagstofu Íslands frá 13. apríl 2012 er sveitarfélögum skylt að skila ársreikningum vegna ársins 2014 til Hagstofu Íslands í gegnum vefskilakerfi Hagstofunnar. Ársreikningum skal skilað með þrennum hætti; 1) pdf. form, 2) innsláttur rekstrarreiknings, efnahagsreiknings og sjóðstreymis í sérstakt gagnaskilaform og 3) rafræn yfirlýsing eða innsláttur á sundurliðuðum upplýsingum úr rekstrarreikningi ársins. Á næstunni mun sveitarfélaginu berast bréf frá Hagstofu Íslands þar sem fram koma leiðbeiningar um skil í gegnum vefskilakerfið.

Misbrestur hefur verið á að sveitarfélög hafi skilað inn skýrslu endurskoðenda samhliða skilum ársreiknings. Áréttað er mikilvægi þess að skýrslu endurskoðenda sé skilað inn í vefskilakerfi Hagstofunnar samhliða skilum ársreiknings.

Ráðuneytið vill árétt mikilvægi þess að sveitarfélögin skili umbeðnum upplýsingum til Hagstofu Íslands eins fljótt og auðið er.

Fyrir hönd ráðherra


Hermann Sæmundsson


Eiríkur Benónýsson